

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 218/2020

2023/EES/70/42

frá 11. desember 2020

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/984 frá 5. júní 2019 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/53/EB að því er varðar frest til að framkvæma sérstakar reglur um hámarkslengd stýrishúsa sem fela í sér bætta loftnúningsviðnámsgetu, meiri orkunýtni og meira öryggi ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 15a (tilskipun ráðsins 96/53/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 D 0984**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/984 frá 5. júní 2019 (Stjtið. ESB L 164, 20.6.2019, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2019/984, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 164, 20.6.2019, bls. 30.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.